

Sveitarfélagið Skagafjörður
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 25. október 2019
UST201909-195/F.T.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 20. september sl. þar sem áformað var að áminna Sveitarfélagið Skagafjörð vegna frávíka er fram komu í eftirliti þann 29. maí 2019 á aflögðum urðunarstað sveitarfélagsins í Skarðsmóum. Þann 14. og 22. október sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:


1. **Gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun.** Rekstraraðili skal haga frágangi í samræmi við þær ráðstafanir sem kynntar eru í lokunaráætlun sveitarfélagsins. Ljúka skal yfirborðsfrágangi eigi síðar en vorið 2015. Enn er talsvert af úrgangsefnum, s.s. plasti, á yfirborði sem bendir til þess að yfirborðslag sé ekki fullnægjandi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hafa starfsmenn á vegum sveitarfélagsins farið um svæðið og hreinsað úrgangsefni á yfirborði.**
2. **Gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun.** Rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Skráningum fyrir árið 2018 hefur ekki verið skilað. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila mun sveitarfélagið mæla stöðu og samsetningu grunnvatns á urðunarstaðnum fyrir lok mánaðarins og skila til stofnunarinnar.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **66.000 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra